

Þjórsárdalur

Stjórnunar- og verndaráætlun

Drög til kynningar

Ferðaklúbburinn 4x4 gerir eftirfarandi athugasemdir við drög að Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Þjórsárdal sem er til kynningar.

1. Í kaflanum „Stjórnunar- og verndaráætlun“ er þessi texti: „Stjórnunar- og verndaráætlunin er unnin í samvinnu við sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Minjastofnun Íslands, Skógræktina, Náttúrufræðistofnun Íslands og í samráði við aðra hagsmunaaðila.“
Í kaflanum „Samráð“ er þessi texti: „Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var haft samráð við fagstofnanir og aðila sem hagsmuna hafa að gæta á svæðinu.“

Ekkert samráð sem okkur er kunnugt um var haft við SAMÚT (Samtök útivistarféлага) eða einstök aðildarfélag innan samtakanna þrátt fyrir hafa augljósra hagsmuna að gæta á svæðinu. Við teljum því að þarna sé farið með rangt mál og gerum alvarlegar athugasemdir við það. Einnig gerum við alvarlegar athugasemdir við þau vinnubrögð að hafa ekki samráð við útivistarfólk á fyrri stigum við þessa vinnu. Við óskum eftir upplýsingum um það til hverra var leitað og hvernig var samráðinu háttað ?

2. Í kaflanum „Helstu ógnir“ er eftirfarandi fullyrðing:
„Helstu ógnir sem steðja að hinu friðlýsta svæði eru:
Jarðvegseyðing
Utanvegaakstur
Ágangur ferðamanna á viðkvæmum svæðum“

Enginn rökstuðningur er fyrir þessari fullyrðingu og við mótmælum þessari framsetningu. Hvaða gögn eða rökstuðningur liggur að baki þeirrar fullyrðingar að „Utanvegaakstur“ sé ein af þremur helstu ógnum sem steðja að svæðinu ? Okkur er kunnugt um að á einhverjum vegum er farið út fyrir veg til að forðast slæma niðurgrafna vegarkafli en slíkt er auðvelt að hindra með lagfæringum á vegum. Slík dæmi teljum við ekki nægja til að setja fram þessa stóru og gildishlöðnu fullyrðingu. Við förum fram á að haldbær rök eða gögn verði lög fram sem styðja þessa fullyrðingu eða að hún verði dregin til baka.

3. Í kaflanum „Skipulagsáætlanir“ er þessi texti: „Deiliskipulag Reykhólts er deiliskipulag fyrir hótél og baðstað sem áformað er að byggja innan verndarsvæðisins. Deiliskipulagið nær einnig til svæðis við gatnamót afleggjarans upp að Reykholti og Þjórsárdalsvegs, en þar var áður ráðgert að taka á móti gestum sem heimsækja baðstaðinn. Nú er hinsvegar stefnt að því að móttaka gesta fari fram utan verndarsvæðisins. Í skipulaginu kemur fram að stefnt sé á að rekstur hótelsins og baðstaðarins verði sjálfbær og að hótél og þjónustubygging verði umhverfisvottuð.“

Þýðir þetta að aðgengi almennings verði takmarkað að svæðinu? Algengt er að fólk á ferð aki þarna um og inn að „sundlaug“ (sem er ekki lengur til staðar) og skoði sig um við Reykholt og Rauðukamba. Við leggjum ríka áherslu á að vilji rekstraraðila hótelsins til að

meina gestum sínum að aka á eigin vegum að hótelinu verði ekki til þess ferðafrelsi einstaklinga sem aka um á eigin vegum verði skert á þessu svæði.

4. Í kaflanum „Vegir og bílastæði“ er fjallað um vegi á svæðinu. Vísað er í kort á vef Umhverfisstofnunar: [Þjórsárdalur göngu- og hjólaleiðir.png \(2066×2923\) \(ust.is\)](#) og sagt að þar komi fram allir vegir á svæðinu.

Við gerum athugasemdir við að á þessu korti eru vegslóðar sem nú er almennt ekið eftir á vélknúnum faratækjum merktir sem gönguleiðir eða hjólaleiðir. Sem dæmi má nefna vegslóða að skálanum Klettur. Ósamræmi er þó við annað kort sem sýnir reiðleiðir, [Þjórsárdalur-reiðleiðir.png \(2066×2923\) \(ust.is\)](#). Þegar þessi kort eru skoðuð saman virðist sem að hefðbundnar ökuleiðir sem fyrirhugað er að nota einnig sem gönguleiðir, hjólaleiðir eða reiðleiðir eru ekki lengur merktar sem ökuleiðir á þessum tveimur kortum. Ekkert kort er sem sýnir eingöngu ökuleiðir. Við mótmælum þessari framsetningu harðlega og teljum þetta afhjúpa andúð í garð þeirra sem stunda útivist á hálendinu með aðstoð vélknúinna tækja. Við förum fram á að þessari framsetningu verði breytt og útivistarfólki þeim sem ferðast um fáfarna slóða á hálendum með aðstoð vélknúinna farartækja verði gert jafn hátt undir höfði og öðrum fararmátum.

Við óskum eftir formlegum viðbrögðum við spurningum okkar og athugasemdum eða fundi þar sem við fáum að ræða þessi málefni áður en haldið verður áfram við gerð endanlegrar útgáfu.

Reykjavík 22.04.2023

Fyrir hönd Ferðaklúbbsins 4x4:

Sveinbjörn Halldórsson formaður
Magnús Másson formaður Suðurlandsdeildar
Snorri Ingimarsson umhverfisnefnd
Þórarinn Garðarsson umhverfisnefnd